



Dagsetning: 21. september 2023
Málsnúmer: 2309191/1.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Síðustu ár hefur Fjarðabyggð unnið vinnustaðagreiningu í samstarfi við Gallup. Tilgangur verkefnisins er að efla helgun á vinnustaðnum og þar með innra heilbrigði hans. Kjarnaspurningar Gallup (Q12®) gerir vinnustaðnum kleift að meta helgun starfsfólks, auk þess að í boði er að mæla fjölda annarra þátta. Einnig er markmiðið að skapa vitund um helgun og mikilvægi helgunar fyrir vinnustaðinn og þjálfa stjórnendur í að túlka og vinna með niðurstöður svo þeir séu betur í stakk búnir til að stuðla að helgun starfsfólks og skapa eftirsóknarverðan og heilbrigðan vinnustað.

Nú er komið að fyrirlagningu spurningalista fyrir starfsmenn fyrir árið 2023. Að venju er um að ræða stórt verkefni sem nær til allra starfsmanna sveitarfélagsins. Könnunin er þannig uppbyggð að starfsmenn svara 12 kjarna spurningum sem miða að því að meta helstu þætti í starfsumhverfi sveitarfélagsins. Mæld eru grundvallarhugtök sem tengsl hafa við árangur starfseininga, svo sem helgun (employee engagement) og hollusta (employee commitment).

Gert er ráð fyrir að könnunin verði lögð fyrir daganna 17. – 31. október nk. Að fenginni reynslu við fyrri kannanir er síðan gert ráð fyrir að gefa þeim stofnunum sem hafa litla svörun að opnunartími hennar veðri framlengdur til að tryggja sem besta svörun. Niðurstöður ættu að liggja fyrir 9. nóvember og þá er gert ráð fyrir kynningarferli á heildarniðurstöðum og niðurstöðum einstakra stofnanna. Að því loknu, í lok nóvember, hefst ferli þar sem stjórnendur stofnanna kynna niðurstöður fyrir sínar stofnanir í starfsmannahóðum sínum, og hefja eftirfylgni með þeim.

Áætluð tímalína:

- **27.–10.október:** Undirbúningur með Gallup. Spurningalistar unnir, og starfsmannalistar
- **12. október:** „Start“ fundur með stjórnendum. Stjórnendur Fjarðabyggðar með mannaforráð fá kynningu á könnuninni og framkvæmd hennar.
- **17. október:** Könnuna fer í loftið og verður opin í tvær vikur. Á þeim tíma verður eftirfylgni með stjórnendum vegna þáttöku. Eftir tvær vikur verður metið hvort að framlengja þurfi svartímann.
- **9. nóvember:** Niðurstöður liggja endanlega fyrir.
- **14. nóvember:** Kynning á niðurstöðum fyrir sviðstjórum – upptaka á kynningu á heildarniðurstöðum fyrir allan starfsmannahópinn.
- **20. nóvember:** Kynning á heildar niðurstöðu fyrir bæjarráð.
- **23. nóvember:** Kynning fyrir stjórnendum með mannaforráð á niðurstöðum og kennsla á kerfið til að nota niðurstöðu fyrir sína stofnun.



- **24. nóvember – 31. janúar 2024:** Stjórnendur kynna niðurstöðu í sínum stofnunum, og eftirfylgni þar sem við á.

Allt ferlið er unnið í nánú samráði við sérfræðinga hjá Gallup sem. Stjórnendur fá aðgang að niðurstöður fyrir sína einingu, að því gefnu að fjöldi svara sé nægur (4 eða fleiri svarendur). Hver stjórnandi sem hefur aðgang fær einnig sérsniðnar tillögur að næstu skrefum sem byggðar eru á helgunarmódeli Gallup. Viðtækur samanburður er við aðra vinnustaði, atvinnugreinar, lönd (þ.m.t. Ísland) og starfsgreinar. Samanburðinn má aðlaga að þörfum hvers vinnustaðar og jafnvel einingar. Niðurstöður birtast, eins og fyrr segir, í mælaborði, skýrslum og í hitakortum. Stjórnendur hafa einnig aðgang að ítarlegu fræðsluefni, hugmyndum að bestu starfsháttum (e. best practices) og aðstoð við uppsetningu og utanumhald aðgerðaráætlana.

Þórður Vilberg Guðmundsson

forstöðumaður stjórnsýslu- og upplýsingamála

